

Fréttir af markaði

Heildarútlán Íbúðaláanasjóðs námu rúnum 2,2 milljörðum króna í júlí en þar af voru rúmir 2,1 milljardar króna vegna almennra lána. Til samanburðar námu almenn útlán í júlí 2010 tæpum 1,8 milljörðum króna. Meðalútlán almennra lána voru um 9,9 milljónir króna í júlí sem er svipað og í síðasta mánuði. Heildarfjárhæð almennra lána fyrstu 7 mánuði ársins er samtals um 13,5 milljardar króna en var um 9,4 milljardar króna á sama tímabili 2010.

Þann 29. júlí síðastliðinn fór fram útboð íbúðabréfa og bárust gild tilboð að nafnvíði 8,180 milljardar króna. Ákveðið var að taka tilboðum í eftirlitinum íbúðabréfum: HFF150434 að nafnvíði 2,010 milljardar króna, vegin ávöxtunarkrafa án þóknunar 3,24%. HFF150644 að nafnvíði 2,550 milljardar króna, vegin ávöxtunarkrafa án þóknunar 3,32%.

Uppgjörsdagur viðskiptanna var 5. ágúst 2011 og vegin heildarvöxtunarkrafa tekina tilboða án þóknunar var 3,28% og 3,30% með þóknun. Vaxtaákvörðun Íbúðaláanasjóðs byggir á ávöxtunarkröfu í útboði íbúðabréfanna ásamt veggum fjármagnskostnaði uppgreiðslna ÍLS-veðbréfa. Vaxtaálag vegna rekstrar er 0,45%, vegna útlánaáhættu 0,45% og vegna uppgreiðsluáhættu 0,50%. Vegnir vextir í útboðinu og uppgreiddra ÍLS-bréfa eru 3,51% og haldast útlánavextir sjóðsins því óbreyttir að svo stöddu, 4,40% með uppgreiðsluákvæði og 4,90% án uppgreiðsluákvæðis.


Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) fór fram á það við íslensk stjórnvöld að breytingar yrðu gerðar á Íbúðaláanasjóði til að laga hann að ríkisáðstoðarreglum EES sammingsins. Nú er unnið að breytingum á skipulagi og starfsemi sjóðsins til þess að samræma starfsemi hans reglum ESA. Nýja skipulagið þarf að ganga í gildi um næstu áramót.

Vísitala neysluverðs í júlí 2011 hækkaði um 0,11% frá fyrra mánuði (lækkaði um 0,22% án húsnaði). Það jokst kostnaður vegna eigin húsnaðis um 1,2%. Síðastliðna tolfrétt mánuði hefur vísitala neysluverðs hækkað um 5,0% og vísitalan án húsnaðis um 4,7%. Undanfarna þrjá mánuði hefur vísitala neysluverðs hækkað um 1,6% sem jafgildir 6,3% verðbólgu á ári (4,2% verðbólgu fyrir vísítoluna á húsnaði).

Ávöxtunarkrafa allra íbúðabréfa hækkaði í júlí og nam hækkinum 3-12 punktum eftir flokkum.

Heildarvelta íbúðabréfa nam um 43,6 milljörðum króna í júlí samanborið við um 55,7 milljardar í júní 2011.

Greiðslur Íbúðaláanasjóðs vegna húsbréfa og húsnaðisbréfa námu rúnum 380 milljónum króna í júlí. Uppgreiðslur í júlí námu um 900 milljónum króna.




Flokkur	maí 2011	júní 2011	júlí 2011	Meðal-liftími	Nafn-verð	Eft.st. nafnv.
HFF14	-0,59%	-0,77%	-0,73%	1,6	70,7	27,8
HFF24	2,45%	2,56%	2,59%	5,9	164,2	119,9
HFF34	3,17%	3,14%	3,25%	10,1	173,2	148,1
HFF44	3,28%	3,22%	3,34%	13,7	265,9	242,8

*Ávöxtunarkrafa á síðasta viðskiptadegi hvers mánaðar.


Meðalliftími (ár) og stærð flokka (milljardar) í lok júlí '11.

Af heildarútláanum fáfnirverðs eru 9,6 ma. króna í HFF14, 9,6 ma. króna í HFF24 9,6 ma. í flokki HFF34 og 9,6 ma. í flokki HFF44 sem tilheyra lánafyrirgreiðslu til viðskiptavaka íbúðabréfa.


Heildarútlán eftir ársfjórðungum (ma.ISK)



Mánaðarleg heildarútlán Íbúðaláanasjóðs



Útlánnavextir Íbúðaláanasjóðs 2008 - 2011



Útboð, útlán og greiðslur Íbúðaláanasjóðs

Niðurstaða 2011

Í milljörðum króna	Áætlun Q3	Raun Q3	Áætlun 2011*	Raun jan-júlí 2011
Útgáfa íbúðabréfa**	7 - 9	4,6	14 - 18	10,0
Samtals ný útlán ÍLS	6 - 8	2,2	12 - 16	15,0
Greiðslur ÍLS	15 - 17	0,4	33 - 37	38,8

*Skv. áætlun fyrir Q3 og Q4

**Útgáfa á nafnvíði

Endurskoðuð áætlun 2011

Í milljörðum króna	3Q	4Q	Samtals
Útgáfa íbúðabréfa (Nafnvíð)	7 - 9	7 - 9	14 - 18
Útgáfa íbúðabréfa (Áætlað markaðsverð)	10 - 13	10 - 13	20 - 26
Ný útlán ÍLS	6 - 8	6 - 8	12 - 16
Greiðslur ÍLS	15 - 17	15 - 17	33 - 37

